

MOSFELLINGUR

9. tbl. 8. árg. föstudagur 10. júlí 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Verðlaunatillaga um nýja kirkju og menningarhús

SKAPAR STERKT KENNILEITI Í MIÐBÆ MOSFELLSBÆJAR

» BLS. 8-9

EIGN VIKUNNAR

Súluhöfði – Parhús




EIGNAMÍÐLUN Mosfellsbæ

Mjög fallett 167,7 m² parhús m/ bílskúr innst í litlum botnlanga við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í 3 rúmgóð svefnherb., stofu, sjónvarpshol, stórt eldhús, baðherb. m/sturtu og hornbaðkari, sér þvottahús og góða geymslu/vinnuherb. Rúmgóður 29,3 m² bílskúr með millilofti. Steypt (Bomonite) bílplan með snjóbræðslu og stór hornlód. **V. 44,9 m.**



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



100% Speltbrauð

MOSFELLSBÆKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun

Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanganga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 21. ágúst

Sumarið er tíminn

Á nægjulegt er að segja frá því að
Sorpa hefur brugðist fljótt við
þeirri lyktarmengun sem kvartað
hefur verið yfir upp á síðkastið.
Sorpa hefur þegar hrint af stað



mótvægisáðgerðum sem
draga eiga úr lykt frá
svæðinu. Nú er hægt að
fylgjast með sérstökum
samskiptarvettvangi á
heimasíðu Sorpu
en íbúsamtök
Leirvogstungu
hafa lýst yfir
óánægju
með
meng-
unina.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Reykjalundur hefur nú sagt upp
öllum starfsmönnum sínum í
plastiðnaði. Fyrirtækið verður lýst
gjaldþrota í dag. Það er vonandi
að bankinn finni einhverja góða
rekstraraðila til að taka við batt-
erfinu og sem flestir verði endur-
ráðnir. Reykjalundur skipar stóran
sess í hugum margra Mosfellinga.

Nú eru úrslit ljós í hugmynda-
samkeppni um menningar-
hús og kirkju í miðbæ Mosfellsbæj-
ar. Vinningstillögunni eru gerð góð
skil í blaðinu að þessu sinni.

Mosfellingur fer nú í sumarfrí
og kemur næst út 21. ágúst.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Nú þegar heyskapur stendur
sem hæst í sveitum landsins er
skemmtilegt að skoða mynd frá
þeim tíma þegar Mosfellssveit var
sannkallað landbúnaðarhérað.
Hér er horft af Þingvallavegi yfir
túnið í Seljabrekku í áttina að
Grímannsfelli. Allir taka þátt í
heyskapnum nema hundarnir
sem hafa meiri áhuga á ljós-
myndaranum.

Seljabekka var byggð sem
nýbýli úr landi Mosfells árið
1934 þegar hjónin Guðmundur
Þorláksson og Bjarnveig Guðjóns-
dóttir numu þar land. Þau bjuggu
þar um áratugaskeið og fyrsta
sumarið höfðust þau við í tjaldi, á
meðan íbúðarhúsið var í bygg-
ingu.

Bjarki Bjarnason



HÉÐAN OG ÞAÐAN



SACLA
ITALIA

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?



EIGNAMIDLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080

Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali

www.fastmos.is, www.eignamidun.is



Laxatunga - Ný raðhús

Nýtt í sölu 182,1 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalemi, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestasalemi og baðherbergi eru flísalögð og gestasalemi er fullfrágengið með innréttingu. Falleg hús á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. **Ahv. eru ca. 20 millj. kr. ÍLS lán.**
Skipti á minni eign skoðuð! Verð kr. 35,5 m.



Dvergholt - Einbýlishús

298,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr við Dvergholt í Mosfellsbæ. Húsið er að miklu leiti upprunanlegt, lóð er stór og gróin háum gróðri. Austan við húsið er óbyggt uppræktað svæði. Hellulagt bílplan er fyrir framan húsið. Mjög stutt er í Varmáskólasvæðið og hesthúshverfi Mosfellsbæjar.
V. 43,9m.



Álmholt - Einbýlishús

Mjög fallegt og mikið endurbætt 188,1 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stórrí lóð við Álmholt 7 í Mosfellsbæ. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjuð fyrir 2 árum síðan. Mjög stór suðurgarður með timburverönd.
Skipti koma til greina á minni eign!
V. 48,5 m.



Hlíðartún - Einbýlishús

Einstakt 189,2 fm einbýlishús með gróðurhúsi, vinnuskúr og sundlaug við Hlíðartún í Mosfellsbæ. Þetta er mjög sérstök eign á gróðursælum stað í elsta hverfi Mosfellsbæjar. Íbúðarhúsið eru 140,7 fm, en auk þess er kjallari undir hluta hússins. Við húsið eru sambyggðir 23,4 fm vinnuskúr og 15 fm gróðurhús.
V. 39,7 m.



Ásland-Parhús m/aukaíbúð

Mjög fallegt 203,8 m² parhús á 2. hæðum með aukaíbúð á jarðhæð og góðum bílskúr við Ásland í Mosfellsbæ. Húsið stendur hátt yfir aðra byggð í kring og er útsýnið mjög mikið frá húsinu.
V. 43,9 m.



Þrastarhöfði - Parhús

Glæsilegt 197,7 fm parhús á tveimur hæðum í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Stórar svalir í suður og vestur. Garður að mestu leiti byggður palli með stórrí skjólgirðingu, en þar er heitur pottur með 17" skjá. **Lækkað verð!**

Ásett verð var kr. 67.800.000 - eignin fæst nú á 51.900.000 kr.



Arnartangi - m/bílskúr

94 fm raðhús á einni hæð á skjólgóðum og gróðursælum stað við Arnartanga í Mosfellsbæ, ásamt 28,4 fm bílskúr. Í húsinu eru 3 svefnherbergi. Kominn er tími á viðhald og er eignin því tilvalin fyrir handlagði fólk.
Eignin er laus til afhendingar strax!
V. 24,5 m.



Bjartahlíð - 4ra herbergja

Rúmgóð og vel skipulögð 127,5 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Björtuhlíð 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, borðstofu, stofu, sólstofu, eldhús m/borðkrók, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og geymslu/þvottahús.
V. 25,9 m.



Littlikriki 2 - 4ra herbergja

Ný og glæsileg 126 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Littlikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er fullbúin með eikarinnréttingum. Eikarparket og flísar eru á gófum. **Íbúðin er tilbúin til afhendingar!**
Lækkað verð!
V. 29,8 m.



Þrastarhöfði - 3ja herbergja

Glæsileg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ, ásamt staði í bílageymslu. Íbúðin er mjög glæsileg með fallegum og vönduðum innréttingum. Parket og náttúruflísar eru á gófum.
V. 23,9 m.



Urðarholt - 2ja herbergja

Falleg og björt 64,3 fm 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli við miðbæinn í Mosfellsbæ. Baðherbergi m/baðkari og stórt hjónaherbergi. Svalir í suðvestur og mjög fallegt útsýni að Esjunni í norðausturátt.
V. 16,9 m.



Þverholt - 2ja herbergja

Björt 63,5 fm, 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Þverholt í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin skiptist í forstofuhol, rúmgott svefnherbergi, gluggalaust herbergi með geymslurými, stofu og baðherbergi. Eignin er staðsett í miðbæ Mosfellsbæjar og er því stutt í alla þjónustu.
15,9 m.



Hjallahlíð - 2ja herbergja

Björt og falleg 65,8 fm 2-3ja herbergja íbúð á annarri hæð með sérinngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, stórt herbergi, geymslu sem nú er notuð sem barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og geymsluloft. Þetta er mjög vel staðsett eign, stutt er í skóla, leikskóla, sund, World Class og á golfvöllinn. **Eignin er laus til afhendingar!**
V. 17,9 m.



Thai Express hefur opnað í Kjarnanum

Nýr austurlenskur matsölustaður hefur opnað í Kjarnanum. Thai Express er við hlið Bónus-víðeí og býður upp á austurlenskan mat, grill og safabar.

„Ég gerði áætlun fyrir svona stað hér í Mosfellsbæ fyrir nokkrum árum og það var ekki fyrr en við fundum hentugt húsnæði að við slógum til,” segir Erna Sif, einn eigenda staðarins. „Viðbrögðin hafa verið virkilega góð og viðskiptavinirnir ánægðir með nýjan stað og fjölbreytt úrval á matseðlinum. Verðlagningunni er stillt í hóf og við notumst eingöngu við ferskt hráefni.” Thai Express er opið til kl. 21 öll kvöld en bæði er hægt að borða á staðnum og taka með sér.

MOSFELLINGUR á vaktinni

Mosfellingur er kominn á Facebook og fór að grennslast fyrir um vini sína. Hvað á fólk marga vini?

Birgir D. Sveinsson	224
Bjarni Ásgeir Jónsson	89
Davíð Svansson	519
Hanna Símonardóttir	228
Jónas Sigurðsson	86
Matti í Íþróttahúsinu	78
Óli Arnalds tónlistarm.	621
Ragnheiður Ríkhards	406
Siggeir Íþróttakennari	973
Sigríður Dögg Auðuns	879
Stefanía Svavarsdóttir	691
Steindi Jr.	1.545
Svanþór Einarsson	512

Reykjalundur-Plastiðnaður gjaldþrota og Landsbankinn tekur reksturinn yfir

Öllum sagt upp og mikil óvissa meðal starfsmanna

Öllum starfsmönnum Reykjalundar-Plastiðnaðar hefur verið sagt upp störfum frá 1. júlí sl. Alls er um 42 stöðugildi að ræða. Fyrirtækið hefur rekið röra- og umbúðaverksmiðju og annast innflutning á plastvörum, þar á meðal hinum vinsælu LEGO-kubbnum. Plastiðnaður á Reykjalundi hefur verið starfræktur frá því um miðja síðustu öld.

Greiðlustöðvun til dagsins í dag

Fyrirtækið hefur verið í greiðslustöðvun sem lýkur í dag, 10. júlí. „Framtíð fyrirtækisins ræðst væntanlega í dag,” segir Gísli Ólafsson stjórnarformaður. Stíf fundahöld hafa verið síðustu daga og getur Gísli ekki mikið tjáð sig um framhaldið. „Auðvitað er hugarfarið í viðræðunum það að sem flestir verði ráðnir aftur en til þess að það geti orðið þarf allt að ganga upp. Áframhald á starfseminni verður að minnsta kosti tryggt, sama hvernig fer,” segir Gísli.

Algjör óvissa meðal starfsmanna

Mosfellingur ræddi við nokkra starfsmenn Reykjalundar-Plastiðnaðar í vikunni. „Auðvitað vonumst við til að fjárfestar finnist til



Plastiðnaður hefur verið rekinn á Reykjalundi frá því um miðja síðustu öld.

að halda rekstrinum gangandi. Við reyndar vitum voða lítið um framhaldið. Menn eru byrjaðir að leita sér að annarri vinnu og nokkrir hafa þegar fengið vinnu. Þetta hefur auðvitað ekki bara áhrif á starfsemina heldur er mórallinn ekkert svakalega góður eins og gefur að skilja. Margir eru búnir að vinna hér í áratugi eða alla sína ævi,” segir einn starfsmannanna.

„Excel-kallar” að fara yfir málin

„Endurskoðendur eða „Excel kallar” eins og við köllum þá, ganga hér á milli og fara yfir reksturinn. En við fréttum lítið um framgang mála.

Hér ríkir algjör óvissa meðal starfsmanna,” segir einn af þeim starfsmönnum sem fengu uppsagnarbréf um síðustu mánaðarmót.

Breytt stjórn með nýjum stjórnarformanni tók við Reykjalundi-Plastiðnaði fyrir nokkrum vikum þannig að ýmislegt hefur gengið á. Þeirri atburðarrás lýkur svo í dag en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Mosfellings verður fyrirtækið lýst gjaldþrota og Landsbankinn mun sjá um reksturinn þar til nýr rekstraraðili finnst.

Í framhaldinu kemur síðan í ljós hvort einhverjir starfsmenn verða endurráðnir.

Sjálfstæðisflokkurinn gerir varabæjarfulltrúa að nefndarformönnum

Mannabreytingar í nefndum

Breytingar hafa verið gerðar á nefndaskipan D-lista í eftirfarandi nefndum hjá Mosfellsbæ nú þegar eitt ár er eftir af kjörtímabilinu.

„Með þessu erum við að auka breiddina hjá okkur og gefa fleirum tækifæri til að axla ábyrgð,” segir Haraldr Sverrisson oddviti Sjálfstæðismanna.

Þrír nýjir formenn

Helstu breytingar eru þær að



Gylfi Dalmann Bryndís Haraldsdóttir Theódór Kristjánsson

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson verður formaður fræðslunefndar í stað Herðísar Sigurjónsdóttur sem vikur

úr nefndinni. Í skipulags- og byggingarnefnd verður Bryndís Haraldsdóttir formaður í stað Haraldr Sverrissonar sem vikur úr nefndinni. Theódór Kristjánsson verður formaður íþrótt- og tómstundaneftdar í stað Hafsteins Pálssonar sem vikur úr nefndinni.

Þónokkuð fleiri mannabreytingar voru gerðar og fyrir áhugasama má finna þær í síðustu fundargerð bæjarstjórnar.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

Sunnudaginn 12. júlí
Kyrndar og bænastund með altarisgöngu í Lágafellskirkju kl. 20:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Sunnudaginn 19. júlí
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Sunnudaginn 26. júlí
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11:00
Sr. Skirnir Garðarsson

Allar upplýsingar um safnaðarstarf Lágafellssóknar er hægt að finna á heimasíðu kirkjunnar: www.lagafellskirkja.is

www.lagafellskirkja.is



SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

522-2222

- Tilboð alla daga -

TVÍSTURINN

16" PIZZA

með 2 áleggðalegundum
& 2 l. Coke

1.990kr



**Besti vinur
bragðlaukanna**

ekta ostur, eldbakstur & ástríða



ELD **HÚSIÐ**
Pizzabakari



Linda Rún keppir á HM í Sviss

Linda Rún Pétursdóttir úr Hestamannafélaginu Herði hefur unnið sér þátttökurétt á Heimsmeistarmóti íslenska hestsins sem fram fer í Sviss dagana 3.-9. ágúst. Linda Rún á Erni frá Arnarstöðum varð efst í fjörgangi og tólti ungmenna eftir úrtökumót Landssambands Hestamannafélaga á dögunum. Þetta er í fyrsta skipti sem Linda Rún keppir á HM og hlakkar mikið til. „Þetta verður svo sannarlega mikil lífsreynsla,” segir Linda Rún en fyrir Íslands hönd fara tíu keppendur, sjö fullorðnir og þrjú ungmenni. Auk þess hafa fjórir núverandi íslenskir heimsmeistarar rétt til að verja sinn titil.

Guðmar Þór, bróðir Lindu, hefur einnig tryggt sér keppnisrétt á mótinu en hann er búsettur í Kentucky í Bandaríkjunum og keppir því fyrir þeirra hönd. Það verður því spennandi að fylgjast með systkinunum þreyta frumraun sína á heimsmeistaramóti.



Ný flugvél FKM

Flugklúbbur Mosfellsbæjar hefur fest kaup á nýrri flugvél í stað TF-MOS sem skemmdist mikið í lendingu á Flúðum þann 21. maí. Nýja vélin er Cessna C-170B og hefur skrásetninguna TF-GMG. Vélin hefur þegar verið tekin í notkun.

ELDRI BORGARAR



Öllum útboðum Vegagerðarinnar frestað í sumar og ekkert verður af tvöföldun Vesturlandsvegur í Mosfellsbæ að sinni

Forgangsröðun í vegagerð harðlega mótmælt

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur sent samgönguráðherra og þingmönnum bókun þar sem forgangsröðun í vegagerð er mótmælt harðlega. Í kjölfar ákvörðunar samgönguráðherra um niðurskurð í vegagerð er tvöföldun Vesturlandsvegur við Mosfellsbæ frestað sem og öðrum brýnum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma er hins vegar tilkynnt um að ákvörðun hafi verið tekin um að ráðast í gerð jarðganga í gegnum Vaðlaheiði.

15.750 bílar á dag

Tvöföldun hringtorgs og gerð hljóðmana meðfram Vesturlandsvegi, sem átti að bjóða út í þessum mánuði ásamt tvöföldun á kaflanum frá Hafravatnsvegi að Þingvallavegi, eru afar brýnar framkvæmdir fyrir íbúa Mosfellsbæjar, sem og þá sem ferðast um þennan fjölfarna vegarkafla. Yfir sumartímam eru það 15.750 bílar á dag sem aka þennan vegakafla á Vesturlandsvegi og samsvarar það 1,4 milljónum bíla á tímabilinu júní til ágúst.

Einn hættulegasti þjóðvegurinn

Vesturlandsvegur er einn hættulegasti þjóðvegur landsins og



liggur hann þvert í gegnum Mosfellsbæ. Á síðustu áratugum hafa orðið fjölmörg banaslys innan bæjarmarkanna. Á þeim stutta kafla sem fresta á framkvæmdum við hafa orðið þrjú banaslys og að auki fjöldi alvarlegra slysa á kaflanum frá Álafoss-hringtorgi að Þingvallahringtorgi.

Umferð er mjög þung á þessum kafla og umferðateppa algeng á álagstímum. Að auki verða íbúar við Vesturlandsveg fyrir verulegri lífsgæðaskerðingu vegna umferðarhávaða og tafa vegna mikillar umferðar í gegnum bæinn.

Skorað á samgönguráðherra

Í ljósi þessa er ótækt að fresta framkvæmdum við hringtorg við Álafossveg og gerð hljóðmana við Vesturlandsveginn lengur en orðið er. Mosfellsbær skorar á samgönguráðherra að endurskoða ákvörðun sína um forgangsröðun verkefna í vegagerð með bætt umferðaröryggi.

Stjórn samtaka sveitarfélaga tekur í sama streng og mótmælir þeirri áherslu og forgangsröðun verkefna sem fram kemur í tillögum að niðurskurði á framkvæmdafé Vegagerðar ríkisins.

Uppákomur á Miðbæjartorginu í allt sumar

Sumartorg á föstudögum

Á hverjum föstudegi í sumar verða haldnar skemmtilegar uppákomur á Miðbæjartorgi við Kjarna. Viðburðirnir hefjast kl. 16.30 og er aðgangur ókeypis.

Frábær mæting var á fyrsta sumartorgið síðasta föstudag þegar Brúðubíllinn mætti og skemmti yngstu kynslóðinni í blíðskaparveðri. Í dag verður haldið Íþróttatorg þar sem keppt verður í að halda

bolta lofti, knattreki, vítaspyrnu og mörgu fleiru.

Einnig verður börnum boðið á hestbak því félagar í Hestamannafélaginu Herði ætla að teyma undir yngstu börnunum hringinn í krin-gum torgið.

Sumartorginu lýkur með bæjarhátíðinni í túninu heima, fjölskylduskemmtun sem fer fram helgina 28.-30. ágúst.



Heklusetur!

Ferð verður á vegum félagsstarfsins föstudaginn 17. júlí að Leirubakka í Landsveit þar sem hægt er að skoða nýlegt safn, Heklusetur, sem opnað var 5. maí 2007. Í Heklusetrinu hefur verið sett upp nútímaleg og fræðandi sýning um Heklu, sögu hennar og áhrif á mannlíf á Íslandi frá landnámi til okkar daga. Lagt verður af stað frá Hlaðhörmum kl. 13.00. Verðið er kr. 4.300, þ.e. akstur, kaffihlaðborð, og aðgangur á safnið. Skráning er hjá Svanhildi í síma 5868014 kl. 13.00-16.00 og 6920814.

Sumarlokun!

Handverksstofurnar á Hlaðhörmum verða lokaðar frá 20. júlí til 24. ágúst, vegna sumarleyfa.



MOSFELLSBÆR

Sumartorg í Mosfellsbæ

alla föstudaga í sumar

Dagskrá sumartorgs:

- 3. júlí**  **LEIKSKÓLATORG** – Brúðubíllinn skemmtir ungu kynslóðinni.
- 10. júlí** **ÍÞRÓTTATORG** – Afturelding stendur fyrir íþróttaskemmtum og börnum verður boðið á hestbak.
- 17. júlí** **LISTATORG** – Skemmtiatriði á vegum Listaskóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellsveitar.
- 24. júlí** **UNGMENNATORG** – Ungt fólk úr Vinnuskóla Mosfellsbæjar skemmtir.
- 7. ágúst** **MENNINGARTORG** – Menningarsvið Mosfellsbæjar skipuleggur skemmtidagskrá í tilefni af afmæli Mosfellsbæjar sem er 9. ágúst.
- 14. ágúst** **HUNDATORG** – Hundafimisýning á vegum íþróttadeildar HRFÍ.
- 21. ágúst** **SKÁTATORG** – Skemmtun að hætti Skátafélagsins Mosverja.
- 28.-30. ágúst** **HÁTÍÐARTORG** – Bæjarhátíðin í túninu heima. Útitónleikar, karnival, skrúðganga, listviðburðir, markaðir, listflug, ratleikur og margt fleira.

Mosfellsbær – brosandí bær

Alla föstudagseftirmiðdaga í sumar verða líflegar og skemmtilegar uppákomur á Miðbæjartorgi í Mosfellsbæ. Viðburðirnir hefjast kl. 16.30 og er aðgangur ókeypis.

Vel var mætt á fyrsta sumartorgið síðasta föstudag. Í dag verður haldið Íþróttatorg þar sem íþróttafélög í bænum bjóða upp á skemmtilega íþróttadagskrá. Börnum verður boðið á hestbak, keppt verður í að halda bolta á lofti og vítaspyrnukeppni og margt fleira.

Sumartorginu lýkur með bæjarhátíðinni „Í túninu heima“, fjölskylduskemmtun sem fer fram helgina 28.-30. ágúst.



Opnar pylsuvagn við Lágafellslaug

Sveinn Pálmason og fjölskylda hafa opnað glæsilegan pylsuvagn við Lágafellslaug. Sveinn er viðskiptafræðingur að mennt en hefur verið atvinnulaus síðustu níu mánuði. „Þessi hugmynd hefur blundað í mér um nokkurn tíma og á endanum slóg ég bara til. Ástandið er auðvitað ekki gott á vinnu-markaðnum eins og flestir vita. Þannig að það var bara að duga eða drepast,” segir Sveinn. „Svo er þetta á hjólum þannig að ég get ferðast hvert sem er, ef þess er óskað. Ég vona bara að Mosfelllingar taki okkur vel og pylsi sig vel upp.” Pylsuvagninn er opinn frá hádegis fram yfir kvöldmat og tekur Sveinn vel á móti viðskiptavinum og óskar eftir tillögum að góðu nafni á pylsuvagninn.



Íbúar í nágrenni Varmár sýni aðgát

Fyrir um mánuði síðan fundust um 50 dauðir fiskar í Varmá en eiturefni virðast hafa lekið í ána með þessum afleiðingum. Rekja tókst upptök mengunarinnar til regnvatnslagna sem liggja út í Varmá neðan við Reykjahverfi. Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar, bendir á að mikilvægt sé að sem mest af hreinu regnvatni frá lóðum og götum sé leitt út í vatnasvið árinna til að viðhalda lífríki hennar. „Íbúar í nágrenni Varmár verða að passa að setja ekki óæskileg eða skaðleg efni í regnvatnsniðurföll sem tengd eru ánni, enda er öll losun skaðlegra efna í niðurföll óheimil. Sem betur fer er mengun af þessu tagi ekki algeng og áhrifin á lífríkið ekki varanleg og á áin eftir að jafna sig á tiltölulega stuttum tíma. Verið er að útbúa sérstakt kynningarefni fyrir íbúa í nágrenni Varmár þar sem þeir verða upplýstir sérstaklega um nauðsyn þess að passa að skaðleg efni berist ekki í regnvatnsniðurföll,” segir Tómas.



Anddyri / gata



Skábraut að bókasafni



Veitingasala

Úrslit ljós í hugmyndasamkeppni um kirkju og menningarhús í miðbæ Mosfellsbæjar

Skapar sterkt kennileit

Arkitektastofan arkitektur.is hlaut fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni um kirkju og menningarhús í miðbæ Mosfellsbæjar. Úrslit voru tilkynnt 16. júní sl. en Mosfellsbær og sóknarnefnd Lágafellssóknar stóðu fyrir keppninni. Önnur verðlaun hlutu ASK arkitektar og Þriðja til fjórða sætinu deildu Arkþing og PK arkitektar. Alls bárust 32 tillögur í keppnina.

Menningarhús og kirkja

Fyrirkomulag byggingarinnar er með þeim hætti að um er að ræða eitt hús sem hýsir jafnt menningarhús á vegum Mosfellsbæjar og kirkju og safnaðarheimili á vegum safnaðarins. Hér er því um einstakt og nútímalegt samstarf kirkju og sveitarfélags að ræða.

Á undanförunum árum hafa verið til umræðu tvær hugmyndir um byggingu menningarstofnana í miðbæ Mosfellsbæjar; annars vegar um byggingu menningarhúss og hins vegar byggingu kirkju. Á árinu 2006 hófust síðan formlegar viðræður milli sóknarnefndar Lágafellssóknar og Mosfellsbæjar sem urðu m.a. til þess að gerðar voru ítarlegar þarfragningar fyrir nýtt menningarhús og kirkju í sameiningu.

Margþætt menningarstarfsemi

Í nýju menningarhúsi og kirkju ásamt nýju safnaðarheimili skapast vettvangur fyrir margþætta menningarstarfsemi í þágu samfélagsins, hvort heldur er í menningarhúsi einu og sér, í kirkjunni eða með samnýtingu allra hluta byggingarinnar. Þetta er í samræmi við viljayfirlýsing Lágafellssóknar og Mosfellsbæjar. Í henni kom jafnframt fram að niðurstöður þarfragninga skyldu nýttar sem grundvöllur að hugmyndasamkeppni.

Bygging í þremur einingum

Í umsögn dómnefndar um verðlaunatillöguna segir m.a.: „Kirkjuskipið er sérlega áhugavert, þar sem samspil forms og birtu geta skapað töfrandi andrúmsloft og tenging þess við safnaðarheimili og skrifstofur safnaðarins um ofanlýsta umgjörð undirstrikar hina sérstæðu lögun þess. Byggingin er nánast öll á einni hæð og samanstendur af þremur einingum: Kirkju og tónlistarsal, bókasafni og myndlistarsal, sem tengdar eru saman um innri götu.”



Sigurveggar frá arkitektur.is ásamt Haraldi Sverrissyni formanni dómnefndar.




Kirkjuturn nýju kirkjunnar í Mosfellsbæ.

„Einstakir byggingarhlutar fylgja hæðarlegu svæðisins, fullt tillit er til tekið til Urðanna og fornum, hæð og staðsetning kirkjuskipsins í suðausturhorni lóðarinnar veldur því að byggingin myndar sterkt kennileiti í bænum.”

Bygging sem tekið verður eftir

Í ávarpi formanns dómnefndar, Haraldar Sverrissonar, bæjarstjóra Mosfellsbæjar, segir: „Dómnefnd var sammála um að innsendar tillögur væru áhugaverðar og fallega framsettar og þær fælu í sér fjölda eftirtektarverðra hugmynda um útfærslu á samnýtingarmöguleikum þeirra rýma sem um ræðir.

Þá var athyglisvert að sjá hvernig til tókst í mörgum tillögum að virða sérstöðu Urðanna og láta bygginguna falla vel að umhverfi sínu, en um leið að skapa einstaka byggingu sem tekið yrði eftir. Ákveðið var að fjórar tillögur hlytu verðlaun en að auki fengi ein viðurkenninguna „athyglisverð tillaga”.






Bókasafnssalur




Myndlistarsalur

sbæjar en alls bærust 32 tillögur til dómnefndar

í miðbænum



Kirkjuskipið, þar sem samspil forms og birtu geta skapað töfrandi andrúmsloft.



Sumarnámskeið Kjósarsýsludeildar Rauða krossins

Líflegt barnastarf RKÍ

Nú í sumar hefur Kjósarsýsludeild Rauða krossins staðið fyrir fjórum vikulöngum námskeiðum fyrir 7-12 ára börn. Fyrstu þrjár vikurnar var boðið upp á námskeiðið Mannúð og menning, þar sem börnin fræddust um Rauða krossinn, skyndihjálþ, umhverfisvernd og fjölmenningu í gegnum leik og störf. Á fjölmenn-ingardeginum var boðið upp á hrís-grjóna- og grænmetisrétt samkvæmt gambískri fyrirmynd. Að sjálfsögðu var maturinn einnig snæddur eins og tíðkast í Gambíu, þ.e. hópurinn situr berfættur saman í hring. Allir borða með höndunum, en einungis má nota vinstri hendina og þótti krökkunum erfitt að muna það.



Hádegisverður eins og í Gambíu.



Jóhannes kennir krökkum að binda hnúta.



Gróa sagar spýtur fyrir krakkana að tálga.

Eldri borgarar hjálpa til

Námskeiðahaldinu lauk með Gleðidögum - ungur nemur, gamall temur, sem haldnir voru í samvinnu við Öldrunarráð Íslands og félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands. Dagskráin á Gleðidögum var mjög fjölbreytt þar sem eldri borgarar miðluðu nærveru og fróðleik til hinna yngri. Leiðbeinendur komu víða við og sögðu krökkunum sögur frá því í gamla daga, sögu Mosfellsbæjar, kenndu þeim að þrjóna, tálga og binda hnúta, fræddu þau um plönturnar í nágrenninu og ýmislegt fleira. Börnin kunnu vel að meta þann fróðleik og tíma sem leiðbeinendurnir virtust hafa meira en nóg af. Leiðbeinendur á nám-

skeiðinu voru flestir eldri borgarar, kennarar eða fyrrum kennarar úr Mosfellsbæ og sjálfbóðaliðar Rauða krossins og er þeim þakkað kærlega fyrir hjálpina. Öll námskeiðin voru þátttakendum að kostnaðarlausu og sóttu samtals 60 börn námskeiðin í sumar.

Vinnustofa Þóru á Hvirfli í Mosfellsdal



Listmunir í miklu úrvali

Þóra Sigurþórsdóttir leirlistarkona - sími 5667098 – 8200321


Nýr garðyrkjustjóri tekinn til starfa

Nýr garðyrkjustjóri hefur tekið til starfa hjá Mosfellsbæ, en hann heitir Jón Hákon Bjarnason. Jón Hákon er menntaður skráðgarðyrkjumeistari, skógræktarfræðingur og húsasmíðameistari. Hann hefur viðtæka reynslu af garðyrkjustörfum, skógrækt og smíðavinnu. Í gegnum störf sín sem verk-taki hefur hann einnig viðtæka reynslu af hönnun og útfærslu garða og grænna svæða.



Huldufólk og álagablettir

Nú stendur yfir ljósmyndasýning í Listasal Mosfellsbæjar sem heitir Huldufólk og álagablettir. Það er Hrönn Axelsdóttir sem sýnir en hún hefur unnið að þessu verkefni í mörg ár, ferðast um landið, talað við fólk og tekið ljósmyndir af álagablettum og hífýlum huldufólks. Hrönn notaði svokallaða Pinhole myndavél við myndatökurnar og myndirnar eru því teknar á filmu. Áhrifin eru þau að myndirnar sýna okkur viðfangsefnið á annan hátt en þann sem við sjáum alla jafna.



Hjördís sýnir „Í fjörunni heima“

Málverkasýningin „Í fjörunni heima“ stendur nú yfir í kaffi-teríunni í Lágafellslaug. Hjördís Henrysdóttir er þar með sína fyrstu málverkasýningu sem ber heitið „Í fjörunni heima“. Viðfangsefnið eru hversdagslegir hlutir í nánasta umhverfi okkar - í þessu tilfelli í bakgarði málarans í fjörunni á Kjálarnesi. Sýningin stendur út júlímánuð.



17. JÚNÍ Í MOSÓ



Lilli klifurmús og Mikki refur í skráðgöngu.



Skátafélagið Mosverjar leiðir skráðgöngu.



Klarinettuleikarar í Skólahljómsveitinni.



Álafosskórinn syngur á miðbæjartorginu.



Stúlkur að sleikja sólina og snuðin sín.



Trúðarnir Kútur og Kolla leika listir.



Leikskólabörn úr Reykjakoti syngja datt.



Karateild Aftureldingar sýnir listir.



Gunni og Felix í svaka stuði á sviðinu.



Sterkasti maður Íslands á Hlégarðstúninu.



Helena og Steinunn Erla með sleikjö.



Edda með Kristján Þór, Sara og Elin Dís.



Á þinghúströppum í Winnipeg 17. júní.



Vallý og Kolla með Elvu Jónasson.

Kirkjukór Lágafellssóknar á Íslendingaslóðum

Kirkjukórinn til Kanada

Kirkjukór Lágafellssóknar hélt í tíu daga söngferð á Íslendingaslóðir í Kanada í júní-mánuði. Flogið var til Minneapolis og þaðan ekið í rútu vestur til Kanada. Kórinn söng á 17. júní hátíðarhöldunum í þinghúsinu í Winnipeg og hélt síðan tónleika um kvöldið í Winnipeg Art Gallery en þá sóttu um 300 gestir. Kórinn ferðaðist um slóðir Íslendinga í Kanada og Norður-Dakota og Íslendingar sem þar eru búsettir voru heimsóttir.

Kórnum var boðið til ræðismannshjónanna í Winnipeg, þeirra Atla Ásmundssonar og Þrúðar Helgadóttur, en þau bjuggu til margra ára í Mosfellsbæ. Kórinn söng messu í Minneapolis í Bryant Lake Regional Park og var Sr. Ragnheiður Jónasdóttir sóknarprestur með og sá hún um messuhaldið. Þangað komu mjög margir til að hlýða á guðþjónustuna, síðan var öllum boðið í mat og drykk og eftir það var kórinn með tónleika á sama stað sem tókust mjög vel. Ferðin var öll hin skemmtilegasta og má segja að þetta hafi verið ein sú eftirminnilegasta ferð sem kórinn hefur farið í í gegnum árin, að sögn Valgerðar Magnúsdóttur, formanns kirkjukórsins.



Sr. Ragnheiður og Jónas Þórir.

Skemmtidagur í Vinnuskólanum

Krakkarnir í Vinnuskóla Mosfellsbæjar vinna nú hörðum höndum að því að fegra bæinn. Þann 1. júlí var hins vegar haldinn skemmtidagur í íþróttahúsinu að Varmá. Þar var farið í kappát, fótbolta, körfubolta, morgunleikfimi, brennó, boðhlaup og margt fleira. Aðal sportið var að reyna að vinna flokkstjórana sem voru með þrusu gott lið í ár, að eigin sögn.



BÍLL VIKUNNAR

CHEVROLET TAHOE
HYBRID K 1500
NÝR BÍLL

Bensín - 8 manna
- 4 sumardekk - 6000 cc.
slagrými - 5 dyra -
4 heilsársdekk - 8 strokkar
- sjálfskipting - 2549 kg
- fjórhjóladrif



Verð 8.990.000

Eyðsla 11.8 l/100 km jafnt innanbæjar sem utan

Aukahlutir & búnaður ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Álfelgur - Bakk-myndavél - Dráttarbeisli - Dráttarkúla - DVD spilari - Filmur - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - Geisladiskamagasin - Geislaspilari - Glerþopplúga - GPS staðsetningartæki - Handfrjáls búnaður - Hiti í sætum - Hleðslujafnari - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Líknar-belgir - Loftkæling - Minni í sætum - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir



speglar - Samlæsingar - Spólvörn - Stigbretti
- Topplúga - Útvarp - Veltistýri - Vindskeið/spoiler
- Vökvastýri - Stórglæsilegur bíll og einn með öllu.

ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

GRILLUM FISK Í SUMAR



Í DAG
KL. 17-19

HEITT Á GRILLINU

DUETTINN HLJÓMUR

HUMAR Á TILBOÐI

FERSKUR FISKUR
TILBÚINN BEINT Á GRILLIÐ

KÍKTU Á STRÁKANA Í FISKBÚÐINNI
OG FÁÐU RÁÐLEGGINGAR



Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)



Glæsilegt mót á Varmárbökkum

Íslandsmót barna, unglunga og ungmennta í hestaíþróttum árið 2009 fór fram á Varmárbökkum helgina 27.-28. júní. Að sögn Guðjóns Magnússonar, formanns Hestamannafélagsins Harðar, tókst mótið með ein-dæmum vel og voru keppendur sem mótshaldarar hæstánægðir með helgina. Alls voru um 500 skráningar á mótinu og þátt-takendur um 300 víðs vegar að af landinu. Talið er að gestir og þátttakendur á mótinu hafi alls verið um þúsund og er þetta einn stærsti viðburður sem félagið hefur staðið fyrir.



Sorpa bregst við lyktarmengun

Í framhaldi af fundi Sorpu með íbúasamtökum Leirvogstungu vegna lyktarmengunar í hverfinu myndaðist samskiptavettvangur á heimasíðu Sorpu, www.sorpa.is. Á síðunni verður hægt að fylgja með framgangi verkefnisins. SORPA tekur allar ábendingar og kvartanir alvarlega og er þegar búin að hrinda af stað verkefnum til að koma til móts við íbúa.

Sorpa vinnur nú að enn frekari veðurmælingum á svæðinu ásamt gerð veðurlíkans sem aðstoðar við kortlagningu lyktaruppsprettu á svæðinu. Þá verða breytingar á vinnulagi sem og aðstöðu og frágangi við losun á lyktasterkum úrgangi. Verið er að prófa tæki sem að öllum líkindum getur dregið verulega úr dreifingu lyktar frá sorpstáli og öðrum lyktaruppsprettum. Lítið er á allar ábendingar og kvartanir sem mikilvægar upp-lýsingar fyrir verkefnið.



Stórhátið frjálsíþróttamanna 14 ára og yngri fór fram á Varmárvelli

Goggi Galvaski heppnaðist vel

Helgina 19.-21. júní var Goggahátíðin í frjálsum íþróttum 14 ára og yngri, haldin á Varmárvelli í tuttugasta skipti. Veður var nokkuð gott og allt fór vel fram. Keppendur voru 265 talsins að þessu sinni frá 17 félögum víðs vegar að af landinu. Keppt var í fjórum aldersflok-kum, 8 ára og yngri, 9-10 ára, 11-12 ára og 13-14 ára,

bæði hjá stúlkum og drengjum. Afturelding tefldi fram 52 sprækum krökkum og 26 sinnum komust þau á hinn eftirsóttta verðlaunapall og ljóst að nægur efniviður er í frjálsíþróttadeild UMFA að vinna úr. Óstaðfestar fregnir eru á sveimi um að tvö Goggamet hafi verið slegin, en það á eftir að fást staðfest. Gogga-mótið í Mosfellsbæ

Tuttugu og fimm börn á hverju námskeiði í Reiðskóla Berglindar

Daglegir útreiðatúrar í sumar

„Ég hef verið í hestamennsku frá því ég var barn en byrjaði á fullum krafti þegar ég var tólf ára,” segir Berglind Inga Árnadóttir kennari. „Ég og eiginmaður minn Elías Þóraldsson ræktum okkar eigin hross og eigum um fjórtíu hesta í dag. Við fjölskyldan lifum og hrærumst í þessu alla daga eftir vinnu og eyðum þar af leiðandi öllum okkar frítíma með ferfætlingum.

Hestamennska var hluti af heilsuþjálfun á Reykjalundi þegar ég var þrettán ára og þar fékk ég vinnu og vann með Guðrúnu Jóhannsdóttur í Dalsgarði en hún var umsjónar-maður hestanna. Við saúm um að fara með sjúklinga í útreiðartúra og seinna bættust við fatlaðir frá sam-býlum á höfuðborgarsvæðinu sem vildu nýta sér aðstöðu okkar.”

Árið 1990 byrjuðu þær stóllur Hjördís Bjartmars og Anna Sigur-veig Magnúsdóttir með reiðnáms-skeið fyrir börn fyrri part dags og svo komu fatlaðir eftir hádegi. Berglind Inga tók síðan yfir þessa starfsemi 1994 og hef rekið hana síðan.

Þarf bara að yta á start

„Ég hef haft aðstöðu í hesthúsa-hverfinu hér í Mosfellsbæ síðan árið 2000 og sé fram á að hún verði mun betri með tilkomu nýrrar reiðhallar.



Berglind Inga fyrir miðri mynd ásamt starfsfólki Reiðskólans, þeim Oddnýju Sunnu, Hönnu Valdisi, Þórunni Elísabetu, Hörpu, Önnu, Hildi Kristínu og Agnesi.

Reiðskólinn hefur verið rekinn með svipuðu sniði öll þessi ár þ.e.a.s. fyrir börn á aldrinum sex til fjórtán ára. Það eru tuttugu og fimm börn á hverju námskeiði og átta starfs-menn.

Hluta af hestunum á ég sjálf en fæ svo restina lánaða hjá fjölskyldu-meðlimum. Ég hef verið svo heppin að geta fengið sömu hestana lánaða ár eftir ár, þeir vita nákvæmlega hvað þeir eiga að gera, maður þarf bara að yta á start,” segir Berglind brosandi og ríður af stað með börnin í reiðtúr.

ruth@mosfellingur.is



Viðskiptavinir athugið

Lokað frá 20. júlí

Opnum aftur 6. ágúst

Gledilegt
sumar

texture
HÁRSTOFA

Anna Guðný hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin

Verðlaunaflutningur kominn út á geisladiski

Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari, hlaut fyrr á árinu Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir heildarflutning sinn á tónverkinu Tutu til Jesúbarnsins eftir Olivier Messiaen. „Einstakur listviðburður



og mögnuð listræn upplifun. Að baki liggur djúpt innsæi Önnu Guðnýjar í tónlistina, óbrigðul færni og þrotlaus vinna í rúmt

ár,” segir m.a. í áliti dómnefndar.

Anna Guðný hefur fyrir margt löngu skipað sér í röð með fremstu píanóleikurum Íslands. Hún hefur margt komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennt við Listaháskóla Íslands svo eitthvað sé nefnt.

Tónleikaferð um landið

Geisladiskur með verðlaunaflutningi Önnu Guðnýjar er nú kominn út og hefur fengið góðar viðtökur. Verkið er gefið út á tveimur



Tónlistarflytjandi ársins, Anna Guðný, gefur út geisladisk með flutningnum.

geisladiskum og styrkir Mosfellsbær framtakið.

Anna Guðný er nú á tónleikaferð um landið sem endar á tónleikum á Gljúfrasteini sunnudaginn 2. ágúst kl. 16. Hægt er nálgast eintak af disknum með því að senda póst á agg@simnet.is.



Myndlistarskóli Mosfellsbæjar fagnar tíu ára afmæli

Mikil sköpunargleði

Að loknu skólaári í Myndlistarskóla Mosfellsbæjar voru haldin þrjú 3-4 daga myndlistarnámskeið fyrir fullorðna í maí og júní. Á fyrstu tveimur námskeiðunum var kennd módelteikning og málun en á því þriðja var sjóndeildarhringurinn viðfangsefnið. Hin sérstaka birta hásumarsins var skoðuð ásamt litbrigðum skýjanna og fjarvidd í landslagi. Nemendur gerðu skissur undir beru lofti í Álafoskvos og nágrenni sem þeir unnu síðan áfram á striga með olíu- eða akrýllitum. Kennari á sumarnámskeiðunum var Anna Gunnlaugsdóttir. Anna er starfandi myndlistarmaður og grafískur hönnuður sem starfrækir eigin vinnustofu.

Myndlistarskóli Mosfellsbæjar fagnar á þessu ári 10 ára afmæli. Í tilefni þess var í vor haldin í húsnæði skólans sýning á verkum nemenda úr hópi fullorðinna. Ófáir Mosfellingar, á aldrinum 6 ára til 80 ára, hafa á liðnum áratug fengið tækifæri til að þroska hæfileika sína og fengið útrás fyrir sköpunargleðina í Myndlistarskóla Mosfellsbæjar við góða og faglega leiðsögn kennara skólans en skólastjóri skólans er Ásdís Sigurþórsdóttir.



MOSFELLSBÆR

BÆJARHÁTÍÐIN Í TÚNINU HEIMA

Bæjarhátíðin „Í túninu heima“ verður haldin dagana 28. – 30. ágúst.

Öllum fyrirtækjum, félagasamtökum, klúbbum, einstaklingum sem áhuga hafa á að kynna starfsemi sína fá sýningarbás sér að kostnaðarlausu í Íþróttahúsinu að Varmá á meðan hátíðin stendur yfir.

Þeir sem hafa áhuga á að koma að hátíðinni með dagskráratriði eru einnig beðnir um að hafa samband.

Uppbygging dagskrárinnar verður með svipuðu sniði og sl. ár þó auðvitað sé tekið vel á móti öllum nýjum hugmyndum.

Vinsamlega hafðu samband að loknum þessum lestri til eftirfarandi: Netfang: dadithor@internet.is eða í síma: 663-9225.

Í upplýsingum vegna þátttöku þarf eftirfarandi að koma fram:

Heiti þátttakenda/fyrirtækis, heimilisfang, sími og netfang.

Hvað hyggstu gera á hátíðinni:

Kynning á starfsemi í sýningarbás ()

Tónlistarflutningur ()

Skemmtiatriði ()

Annað og þá hvað:

Þeir sem ekki hafa tilkynnt þátttöku nú þegar eru vinsamlegast beðnir um að gera það fyrir sumarfrí!

Lárus Haukur Jónsson bílamálari greindist með MS sjúkdóminn árið 1978, með þrautseigju sinni og gleði hefur honum tekist að horfast í augu við breytt lífsgæði.

Lítur björtum augum á lífið

Lárus Haukur Jónsson eða Lalli ljóshraði eins og hann er oftast kallaður, greindist árið 1978 með sjúkdóm í miðtaugakerfinu eða MS sjúkdóminn. Sjúkdómurinn getur að mismunandi miklu leyti haft áhrif á taugaboð í heilanum, mænunni og sjóntaugum og getur dregið úr hreyfihæfni, skynjun og hugsun. Hann er algengari hjá konum en körlum og gerir oftast vart við sig hjá fólki á aldrinum milli tvítugs og fertugs. Hann hefur verið rannsakaður ítarlega um víða veröld en orsakir hans og lækning er enn óljós.

Lárus Haukur fæddist í bragga í Reykjavík 31. desember árið 1955. Hann er sonur Unnar Lárusdóttur húsmóður og Jóns Magnússonar bílamálara. Hann er fjórði í röðinni af sex systkinum en þau eru Ingunn Ólafía, Rikharð Örn, Sólrún Maggý, Hilmar Þór og Unnur Jenný.

„Ég var lengi yngstur í systkinahópnum og á þeim tíma þróaði ég með mér mikla trúðshæfileika, þ.e.a.s. ég notaði grín og galsa til þess að fá ýmislegt í gegn sem mig langaði í,” segir Lárus brosandi er ég tek hann tali og spyr hann út í æskuárin. „Systkini mín fundu fljótt leið til þess að nota þessa hæfileika mína og ég var óspart notaður til að reyna að fá pening fyrir nammi frá foreldrum okkar hvenær sem tækifæri gafst.”

Einn bíll og ellefu börn

„Ég sleit barnsskónum í Reykjavík og Kópavogi og átti góða æsku en



Systkinin Unnur og Andrés.



